



Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR

39. TBL. 8. ÁRG. NÓV. 1982

Lífið er það, sem er að brjótast fram til að skapa heiminn til full-
komnunar.

Helgi Pjeturss.

Myndun sólhverfis

(Sjá forsíðumynd)

Samdráttur efnis veldur snúningi.

Þegar gasþoka í geimnum tekur að þéttast eða dragast saman, þá er það eðli hennar að taka á sig hvirfilsnúning, þyrilhreyfingu. Efnin falla í átt að (þunga)-miðju þokunnar og mynda þar aðdráttarkjarna, en þau falla ekki beint að miðju heldur nokkuð á ská. Öll þokan kemst því á þyrilhreyfingu. (Þetta er líkt og þegar vatn fellur niður um gat í þvottaskál, þá myndast snúningur).

Tökum sem dæmi frumþoku, sem verður að sólhverfi. Upphaflega er hún víðáttumikil. Hún smáðregst saman. Meginhluti efnisins dregst að miðju og myndar sólina, sem jafnframt fær á sig snúning, og því meir sem hún þéttist, fær hún á sig meiri snúning, en þegar kjarnaklofnun byrjar í iðrum hennar, þá hættir snúningurinn að aukast, vegna þess að þá hættir samdráttur efnisins. Snúningshraði sólar verður því aðeins sá, sem orðinn er, áður en samdráttur hættir. Eftir það verður frekar um minnkun hraða að ræða heldur en aukningu.

Athugum þéttingu frumþokunnar í reikistjörnur. Efnid fellur á ská til miðju og bólstrar myndast hér og hvar í frumþokunni, sem úr verða reikistjörnur. Hraðinn eykst því nær sem dregur miðju, en í mismunandi fjarlægð frá miðkjarna þessa efnishvels, hætta bólstrarnir að falla vegna þess, að hvirfilsnúningurinn um miðju (um verðandi sól) er orðinn svo hraður, að jafnvægi kemst á; miðflóttaflið er orðið jafnt eða vegur upp á móti aðdráttaraflinu. Þessir bólstrar eru verðandi reikistjörnur. Brautir þeirra verða þar, sem náðst hefur jafnvægi milli aðdráttarafls miðkjarnans (sólárinna) og fráhrindingarafls (miðflóttafls), þess sem á hefur komist vegna hraða bólstranna (húnna verðandi reikistjarna). Eftir að þessu jafnvægi hefur verið náð haldast brautir reikistjarna lítt breyttar.

Því nær sólu sem reikistjarna fellur, því meiri verður brautarhraði hennar, og hún hættir að falla þegar hraði hennar (miðflóttafl) og aðdráttarafl sólar eru komin í jafnvægi, farin að vega hvort annað upp.

Ystu bólstrarnir, þar sem efnid er gisnast, í verðandi sólhverfi, falla hægast í átt til miðju hverfisins. Umferðarsnúningur þeirra verður því hægur, en þar eins og nær miðju, eru það þess tvö meginöfl sem togast á, aðdráttarafl miðkjarnans (sólárinna) og brautarhraði efnisbólstursins eða reikistjörnunnar (þ. e. miðflóttaflið).

Allar reikistjörnur, frá þeirri innstu til þeirrar ystu fá á sig mismunandi brautarhraða í mismunandi fjarlægðum frá sólu, allt eftir því í hvaða fjarlægð jafnvægi kemst á milli aðdráttarkraftans frá miðkjarnanum og miðflóttaafilsins, sem stafar af brautarhraða hverrar einstakrar reikistjörnu.

Erindi og greinar

HVAÐ ER ÞAÐ SEM KEMUR FRAM Á KIRLIAN-MYNDUM?

I.

Kirlian-ljósmyndir hafa vakið töluverða umræðu í almennum tímaritum, sem fjalla um sálarfræði og líffræði eða skvldar greinar. Ekki virðast menn á eitt sáttir um hvernig beri að túlka þetta fyrirbæri eða hvað það sé sem kemur fram á Kirlian-ljósmyndum, en ýmsar tilgátur hafa verið settar fram til að skýra það. Sumir hallast að dulrænum skýringum — að mönnum hafi með þessari aðferð tekist að mynda blik mannsins eða áru sem „skvggnir“ menn hafa lýst. — en aðrir telja að fyrirbærið eigi sér „eðlilegar“ líffræðilegar skýringar.


Það var rússneski rafmagnsfræðingurinn S. Kirlian sem uppgötvaði þessa ljósmyndatækni í lok síðustu heimsstváraldar, nánast fyrir tilviljun. Reyndar hafði króatíski vísindamaðurinn Nikola Tesla fengið við svípaðar rannsóknir í lok síðustu aldar — hann tengdi geysiöflug háspennutæki við dauða hluti og fólk þannig að geislandi blik myndaðist í kringum það. Enginn hefur þorað að endurtaka þessar tilraunir Tesla á fólki, og féllu þessar aðferðir hans eiginlega í gleysku að honum látnum.

II.

Kirlian uppgötvaði sama fyrirbærið af tilviljun þegar hann var að gera við hátfðnispennutæki í myrkri, og fór að gera frekari tilraunir með það. Með því að leggja ýmsa hluti ofan á ljósmynda-filmu og beina háspennuriðstraum síðan að þeim tókst honum að fá fram afar sérkennilegar myndir. Umhverfis hlutina myndaðist reglulegt ljósblik sem virtist geisla út frá yfirborði þeirra. Það vakti strax athygli Kirlians að lifandi hlutir s. s. laufblöð og fingur höfðu


AÐFERÐ - A

Hátiðnistraumgjafi
10-100kHz, 20-40kV



AÐFERÐ - B

Hátiðnistraumgjafi
10-100kHz, 20-40kV



Einfaldaðar skýringarmyndir af tveim gerðum Kirlian-myndtækja.

allt öðruvísi blik en dauðir hlutir — blik þeirra hafði miklu flóknara mynstur og í því komu fram allir regnbogans litir, í stað þess blá-leita bjærma er stafaði af dauðum hlutum.

Eftir að hafa rannsakað þessi fyrirbæri um nokkurn tíma rak Kirlián sig á nokkuð einkennilegt, sem átti eftir að hafa afdrifarík áhrif á rannsóknir hans. Einn daginn var hann að mynda hendur sínar með tækinu en allar tilraunir hans mistókust, því lítið sem ekkert blik kom fram á filmunni. Hann fékk þá konu sína til að framkvæma tilraunirnar í sinn stað, og brá þá svo undarlega við að allar myndir heppnuðust ágætlega hjá henni. Skömmu síðar veiktist Kirlián hastarlega og datt honum þá í hug að hugsanlega hyrfi blikið eða minnkaði þegar líkaminn væri sjúkur og væri það skýringin á því að allar tilraunir hefðu mistekist hjá honum áður en hann veiktist, en kona hans fékk fram venjulegar myndir í sömu tækjum. Það furðulega er að sjúkdómar virðast koma fram á Kirlian-myndum, þannig að það dregur úr blikinu og það breytist ef viðkomandi vefur er sýktur.

Eitt sinn komu tveir vísindamenn heim til Kirliáns og höfðu meðferðis tvö laufblöð sem þeir báðu hann að mynda. Honum tókst hins vegar aldrei að ná góðri mynd af öðru laufblaðinu, þótt hitt myndaðist ágætlega. Er Kirlián skýrði þeim frá þessu urðu þeir kampakátir og sögðu: „Þér hefur þá tekist það“. Laufblaðið sem ekkert blik myndaðist í kringum hafði nefnilega verið tekið af tré sem sýkt hafði verið — ómögulegt var hins vegar að greina þennan sjúkdóm með nokkurri aðferð fyrr en að nokkrum mánuðum liðnum.

Skömmu eftir þetta fékk Kirlián rannsóknaraðstöðu við landbúnaðarháskóla við Svartahaf og hefur starfað eingöngu að þessum



Þessar teikningar eru teknar úr bókinni „The Human Aura“ eftir dr. W. Kilner. Kilner fullyrði að hann sæi blik í kringum fólk og af blikinu mætti ráða hvernig heilsufari þess væri varið, og greina sjúkdóma þess, jafnt sálræna sem líkamlega. Sumir telja að hluti þessa blikis komi fram á Kirlian-myndum.

rannsóknnum síðan. Svo virðist sem Sovétmenn verji verulegu fé til þessara rannsókna og bindi við þær töluverðar vonir.

III.


Nú hefur verið talað um dulræn fyrirbæri í sambandi við Kirlian-ljósmyndir, en ég veit ekki hvort á að kalla þau dulræn. Eitt fyrirbæri sker sig þó mjög úr, svonefnt „Phantom leaf effect“ eða drauga-fyrirbærið, sem við getum kallað. Ef tekin er mynd af laufblaði sem skorinn hefur verið hluti af gerist það undarlega að Kirlian-myndin sýnir ljóspokumynstur þess hluta sem skorinn var burt. Svona myndir hafa verið teknar í Rússlandi en hér á Vesturlöndum hefur það gengið erfiðlega að fá fyrirbærið staðfest, þó einstakir aðilar fullyrði að þeir hafi náð svona myndum. Sjálfum hefur mér aldrei tekist að fá fram mynd sem sýnir þetta „draugafyrirbæri“ í mínu



Króatíski hugvitsmaðurinn N. Tesla starfaði lengst af í Bandaríkjunum og var um skeið samstarfsmaður T.A. Edisons. Tesla tengdi háspennuriðstraumstæki við fólk, þannig að það lýsti eins og neónljós. Enginn hefur þorað að endurtaka þessar tilraunir hans.

tæki, en það getur átt sínar skýringar. Mér skilst að myndatökur af þessu tagi misheppnist oft, þannig að menn þurfi að taka s. s. 100 myndir til að fá tvær sem sýna svona draugafyrirbæri. Eins gæti verið að ég sé ekki með nógu gott tæki.

Það eru líka til athyglisverðar myndaraðir af blómum sem eru að deyja, í Kirlian-myndatækjunum. Fyrst er ljósbleikið í kringum jurtina eðlilegt og einkennist af reglulegri lögun og litadýrð. Eftir nokkra stund taka litirnir hins vegar að fölna og blikkið verður óskýrara og óreglulegra. Loks verður Kirlian-mynd af blóminu eins og af dauðum hlut, pappírsblaði eða einhverju þess háttar.




Hið sterka blík sem er í kringum þennan fingurgóm bendir til góðrar heilsu. Myndin er tekin úr tímaritinu „The Unexplained“, nr. 3 bls. 50.

IV.

Rússar hafa sjálfir sett fram þá kenningu að umhverfis lifandi vefi sé orkusvið sem þeir nefna bíóplasma-svið og sé það úr orkusveiflum sem menn hafi ekki enn náð að greina. Tilgáta þeirra er að bíóplasma-sviðið sé þannig eins konar mynstur, sem rafeindirnar leiti eftir við Kirlian-myndatöku og komi þannig tiltölulega nákvæm eftirlíking af bíóplasma-sviðinu fram á filmunni.

Til nánari útskýringar mætti líkja þessu við venjuleg segulsvið. Þú ert með segulstál en segulsviðið er að sjálfsögðu ósýnilegt. Ef þú leggur hins vegar pappírslað yfir segulinn og dustar á það fínu járnsvarfí þá kemur lögun segulsviðsins í ljós á því hvernig járnsvarfíð raðar sér. Í þessu dæmi samsvara rafeindirnar í Kirlian-ljósmyndatakninni járnsvarfinu en bíóplasma-sviðið segulsviðinu.

Skýringar Sovétmanna á „draugafyrirbærinu“ er sú að bíóplasma-svið laufblaðs sem klippt hefur verið af geti varað heilt nokkra stund og komi því fram á Kirlian-myndum. Mér þykir þessi tilgáta Sovétmanna vel koma til greina. Það eitt að slík tilgáta hafi verið sett fram er athyglisvert, þar sem það er regla í allri vísindastarfsemi að setja ekki fram nýjar tilgátur varðandi fyrirbæri nema það þyki fullreynt að eldri þekking dugi engan veginn til að skýra þau. Rússneskir vísindamenn líta þannig á málið að hér sé ekki dulrænt fyrirbæri á ferð, heldur sé bíóplasma-sviðið einfaldlega tegund geisla eða




Þannig lítur „draugafyrirbærið“ út. Hluti af laufblaðinu hefur verið klipptur burtu en samt sýnir Kirlian-myndin ljóspokumynd af blutanum. Ekki eru menn á eitt sáttir um áreiðanleika þessara mynda.

bylgna sem menn hafa ekki ennþá náð að greina — rétt eins og gamma-geislar, sem fundust fyrir nokkrum áratugum, vöfðust á tímabili fyrir mönnum.

V.

Nú hefur verið talað um að Rússum hafi tekist að greina sjúkdóma á algjöru byrjunarstigi með með þessari aðferð og það virðist vera eitthvað til í því. Við Alma-Ata háskólann í Síberíu er sérstök deild undir stjórn dr. V. Inyushin prófessors, þar sem eingöngu er fengist við rannsóknir sem tengjast Kirlian-myndum, m. a. er fengist við sjúkdómsgreiningar á fólki með þessari aðferð. Þarna hafa fengist niðurstöður sem virðast benda til þess að hægt sé að greina ýmsa sjúkdóma, s. s. krabbamein, með þessum hætti, löngu áður en nokkur einkenni, sem greinanleg eru með venjulegum aðferðum, koma í ljós. Ég get ekki borið um hvort þetta er satt eða ekki, en þetta hef ég lesið í tímaritum og bókum sem greina frá þessum rannsóknum.

Þessar fullyrðingar hafa að sjálfsögðu vakið forvitni vísindamanna á Vesturlöndum, en hins vegar hefur gengið erfiðlega að fá nákvæmar upplýsingar um þessa starfsemi frá Rússum og stundum er engu líkara en þeir leggi kapp á að halda öllu leyndu sem varðar



Efri myndin var tekin af fingri huglæknis, þegar hann reyndi að „senda orku“ út frá fingrinum, en neðri myndin er af fingri hans þegar hann einbeittir sér ekki að neinu sérstöku til samanburðar. Ég hef tekið mjög hliðstæðar myndir af fingrum þekkts íslensks huglæknis, sem nýlega er látinn.

Þessa starfsemi. Á öndverðum áttunda áratugnum fór bandaríski dulsálarfræðingurinn Thelma Moss til Alma Ata-háskólans í Síberíu í þeim tilgangi að kynna sér þessa hluti nánar. Prófessor V. Inyushin tók henni vel í fyrstu, sýndi henni rannsóknarstofur og myndir sem henni þóttu afar merkilegar. Hann lofaði að daginn eftir skyldi hann afhenda henni ýmis gögn sem greindu frá afar merkilegum hlutum varðandi rannsóknir á Kirlian-myndum.

En þegar Thelma Moss kom til háskólans daginn eftir var prófessorinn hinn vandræðalegasti og sagðist því miður ekki geta afhent henni nein gögn. Svo virðist sem einhversstaðar hafi verið kippt í spotta og lagt bann við að upplýsingar um þessar rannsóknir bærust til Vesturlanda.

Það er ekki nokkur vafi á því að Sovétmenn hafa náð meiri árangri í þessum rannsóknum en vísindamenn á Vesturlöndum.

Þeir hafa veitt í þetta töluverðu fé og all stór hópur vísindamanna starfar þar eingöngu að þessum rannsóknum. Í Evrópu og Bandaríkjunum hafa þessar rannsóknir hins vegar mest verið stundaðar af áhugamönnum, sem smíðað hafa tækin fyrir eigið fé. Það segir sig sjálf að með þeim hætti ná menn ekki miklum árangri. Vísindamenn á Vesturlöndum hafa margir hverjir litið á rannsóknir af þessu tagi sem hindurvitni og ekki viljað skoða þær sem „vísindalegar“. Ég tel hiklaust að þarna sé um fordómafull sjónarmið að ræða — þessar myndir sýna harla merkilega hluti, þó auðvitað megi menn ekki láta ímyndunaraflið hlaupa með sig í gönur hvað þetta varðar fremur ein annað. Þarna þarf t. d. alls ekki að vera neitt dulrænt á ferð — hugsanlega sýna þessar myndir einhverja óþekkta tegund geisla sem mönnum hefur ekki tekist að greina ennþá.

VI.

Að öllu samanlögðu virðast Kirlian-myndirnar renna stoðum undir þessar kenningar fremur en hitt. Þær eru t. d. afar mismunandi bæði að lit og lögun eftir því hvar af mannslíkamanum þær eru teknar. Sjálfur á ég afar sérkennilega mynd sem ég tók af fingrum þekkts íslensks huglæknis. Myndina tók ég meðan hann var að lækna sjúkling sem hjá okkur var. Hvernig sem á því stendur er blikid í kringum fingur hans á þessari mynd mikið stærra og skýrara en á hliðstæðum myndum af fingrum venjulegs fólks, sem ég hef tekið hundruðum saman. Því er heldur ekki að leyna að Kirlian-myndum frá Rússlandi, sem ég hef séð, ber oft furðu vel saman við myndir sem „skyggir“ menn hafa teiknað af blikimannslíkamans. Þá hafa sumir sálfræðingar haldið því fram að skapsmuni manna og jafnvel persónuleika megi ráða af Kirlian-myndum — það merkilega er, að séu menn í æstu skapi verður blik þeirra á Kirlian-myndum kröftugra og stærra að umfangi. Ég held hins vegar að óskynsamlegt sé að mynda sér ákveðnar skoðanir á þessum hlutum áður en ítarlegri rannsóknir hafa farið fram á þessum fyrirbærum. Þessar gömlu hugmyndir um blik eða áru eru auðvitað allrar athygli verðar, en jafnvel þó eitthvað kunnir að vera hæft í þeim eru þær sjálfsagt blandaðar hjátrú og hindurvitnum.

VII.

Rússar eru miklir efnishyggjumenn og blanda því ógjarnan saman dulhyggju og vísindum. Ef til vill hefur það orðið til þess að þeim hefur orðið meira ágengt við rannsóknir á svonefndum dulrænum

fyrirbærum en Vesturlandamönnum. Tilgáta þeirra um bíóplasma, sem ég minntist á áðan, er athyglisverð sem skýring á fyrirbærum á Kirlian-myndum, og alls ekki úr lausu lofti gripin. Fyrri hluti orðsins „bíó“, merkir líf. „Plasma“ merkir eiginlega fjórða ástand efnis, og fjallar verulegur hluti nútíma eðlisfræði um það. Efni getur verið fast, fljótandi og loftkennt en einnig í þessu svonefnda „plasma“-ástandi. „Plasma“-ástand efnis næst hins vegar ekki nema við mikinn hita en í því ástandi hafa efni allt aðra eiginleika en í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi.

Kenning Sovétmanna er eiginlega sú að hluti atóma í lifandi vef sé í þessu „plasma“-ástandi og gefi þau því frá sér útgeislun þá sem fram kemur á Kirlian-myndum. Samkvæmt þessari tilgátu er ekkert dulrænt við þessi fyrirbæri, heldur hefur mönnum opnast sýn inn á nýtt svið líffræðinnar — rannsóknarsvið sem hugsanlega gæti fært vísindamönnum aukna þekkingu á lífinu sjálfu og þar með á andstæðum þess, sjúkdómum og dauða.

Ævar Jóhannesson.

M Y R —

Spakmæli úr ljóðum Steingríms Thorsteinssonar

Mannvizkan sanna er sú,
sem þóttalaus þekkir sín takmörk.

Betri er sannleikur byrstur og grár
en bláeyg lygi með glóbjart hár.

Þú brýnir raust og bryddar orð með stáli,
það brestur eitt, að hugur fylgi máli.

andinn lífs þar ríkir hreinn.
Æðst er mark, að enda á hæðum,

Deyi góð kona,
er sem daggeisli
hverfi úr húsum,
verður hóm eftir.

ÁSATRÚ — SAMBANDSMÁL

I.

Svo segir í Snorraeddu, Gylfaginningu:

„Gylfi konungur var maður vitr ok fjölkunnigr. Hann undradist þat mjök, er ásafólk var svá kunnigt, at allir blutir gengu at vilja þeira. Þat hugsaði hann, hvárt þat myndi vera af eðli sjálfra þeira eða myndi því valda goðmögn þau, er þeir blótuðu. Hann byrjaði ferð sína til Ásgarðs ok fór með leynd . . .“

Þannig hefst hinn merkilegi kafli Gylfaginningar Snorra Sturlusonar, um för Gylfa, Svíakonungs á vit Ása, þar sem hann varð margs vísari um eðli og átrúnað hinna nýkomnu manna til Norðurlanda úr Austur-álfu heims.

Í þessum tilvitnuðu upphafsorðum, er getið um undrun Gylfa á þeim mætti ásafólks, *at allir blutir gengu at vilja þeira*“, og um þann grun hans, hvort því myndi *„valda goðmögn þau, er þeir blótuðu“*.

Mig langar til að gera þessi síðustu orð að umtals- og umhugsunar-efni:

Nýr þjóðflokkur kom sunnan og austan úr löndum, settist að víða um Mið- og Norður-Evrópu og endaði með búsetu á Norðurlöndum. Þetta var mikið fyrirfólk að viti og öllu atgerfi. Og Gylfa, hinn vitra konung Svía, grunaði undireins, að ekki myndi atgerfi hinna nýkomnu stafa eingöngu af einu saman *„eðli sjálfra þeira“*, heldur myndi átrúnaður þeirra eiga hér mikinn hlut að máli. Hann skildi, að það var einmitt sambandið við æðri verur og fullkomnari, sem var aðalástæðan fyrir líkamlegu og andlegu atgerfi *„ásafólksins“*, sem nú var að taka sér bólfestu um Norðurlönd.

Og er hann hafði gert ferð sína og konungarnir Hárr, Jafnhárr og Þriði höfðu frætt hann um *„goðmögn þau, er þeir blótuðu“*, þá hafði hann aflað sér nokkurrar vitneskju um guðasambönd þau er hinir aðkomnu menn nutu, og vissi nokkur deili á orsökum atgerfis þeirra.

Snorri færir alla frásögn sína í skáldlegan búning, en eigi að síður má út úr henni finna ýmsa hina merkilegustu sannleiksneista um þær guðaverur, er fornmenn höfðu sambönd við.

Aðkomumennirnir gerðust forystuþjóðir um mið- og norðanverða

Evrópu og um Norðurlönd. Það varð hlutskipti þeirra, að flytjast til Íslands og stofna hér menningarríki, áður en hin illa afturför miðalda mykvaði aðra hluta álfunnar.

Hér varð bjargað því, sem bjargað varð, af atgerfi og hæfileikum þessarar forystuþjóðar. Tungumál hennar, sem hún hafði að nokkru þegið að lífsbandsleiðum, varðveittist, og það sem mest var um vert, trú hennar á æðri „*godmögn*“, hélst hér að miklu leyti óskert, alllengi, á meðan hún var að koma sér fyrir í ónumdu landi.

Samband hennar við æðri „*godmögn*“, voru aðaluppstaðan í atgerfi hennar. Þessir menn voru svo goðmagnaðir „*at allir hlutir gengu at vilja þeira*“, eins og stendur í upphafsorðunum hér að framan og kemur m. a. fram í sjóferðum og nýjum landvinningum.

Þegar forfeður okkar lögðu niður trú sína á Æsi, fyrir erlendan þrýsting og eigin eftirgjöf, þá tók allt að snúast á ógæfuhlið. Mann-dómur minnkaði, veðurfar spilltist, óáran, andleg og líkamleg dró vit og kjark úr þjóðinni, svo lítlu munaði að lokum að fólkætt, sem verið hafði forystuþjóð Norðurlanda og Norðurálfu, liði alveg undir lok.

Sambandið við Æsi, hin æðri „*godmögn*“, guðina, sem heima eiga á framlífshnöttum annarsstaðar í geimi, lögðust af að mestu, og önnur sambönd, jafnstærk, komust ekki á. Slitin hafði verið eða lömuð, sú taug, sem ekki mátti slitna, ef hér skyldi haldið uppi því þróttmikla þjóðlífi, sem svo vel hafði farið af stað, fyrst og fremst vegna þeirra æðri „*godmagna*“, sem hér höfðu verið ráðandi.

II.

Aftur rofaði til eftir aldamyrkur áþjánar og hörmunga. Æðri áhrifavöldum tókst að koma sér við í meira og meira mæli og bestu niðjar þjóðarinnar urðu þeim samtaka í viðleitninni til mannlífsbóta. Og sú mikla stund rann upp í byrjun tuttugustu aldarinnar, að hér varð í fyrsta sinn í sögu jarðar, uppgötvað *alsamband lífsins í alheimi*. Hér reis alda lífmagnanar, sem gerbreytti þjóðlífinu. Framfarir urðu bæði í andlegu og líkamlegu atgerfi þjóðarinnar, einkum á fyrstu tugum tuttugustu aldarinnar. En skilningurinn á hinn nýju sambandsuppgötvun varð aldrei nógu almennur. Því er nú svo komið, á síðasta hluta aldarinnar, sem nú stendur yfir, að illar blikur berast á loft, og lofa ekki góðu, ef ekkert nýtt gerist.

Æsir, hinir lengra komnu sambandsvinir okkar á öðrum stjörnum, munu enn leitast við að magna upp samband okkar við þá, og koma því á hærra stig skilnings og líforku en verið hafði á land-

námsöld. Hér eru ótæmandi möguleikar fyrir þá, sem að þessum málum vilja vinna. Það er hægt að auka þessi guðasambönd, ef vilji og samtök eru fyrir hendi.

Og svo vill nú til, að úti í löndum, bæði austan hafs og vestan, eru til einskonar félög Ásatrúarmanna. Þeir hafa trú á tilveru Ása, og byggja þar á þeirri trúararfleifð, sem ríkjandi var í Norður-Evrópu áður en trúarbylgja annarrar fólkættar flæddi þar yfir. Þessir menn munu að vísu hafa heldur óglöggar hugmyndir um raunverulega tilveru þeirra, þ. e. að þar sé um máttuga guði að ræða á öðrum stjörnum. Hér þarf til að koma náttúrufræðilegur skilningur á tilveru og heimkynnum Ása og annarra guða.

Hér gæti verið verðugt verkefni fyrir Íslendinga, bá er skilningur hafa á sambandsmálum. Þessir áhugamenn erlendra Ásatrúarfélaga þurfa að kynnst hinum íslensku sambandsvísindum, og að fá fræðslu um raunverulega tilvist æðri lífheima annarsstaðar í geimi, og sú fræðsla yrði að vera byggð á þeim undirstöðuskilningi, sem hin nýju sambandsfræði boða, um alsamband lífsins á stjörnunum, og um þá óendanlegu möguleika, sem þau sambönd hafa upp á að bjóða. Hér gæti verið um samvinnu að ræða milli Íslendinga og erlendra áhugamanna á þessu sviði.

Nánari sambönd við lengra komna lífendur annarra stjarna verða að komast á. Hér er til mikils að vinna. Ekki aðeins er hér um að ræða farsæld og framtíð íslensku þjóðarinnar einnar, heldur og alls mannkyns. Og vitum, að örlög Íslendinga eru órjúfanlega tengd mannkyni öllu. Og einmitt Íslendingar gætu hér átt og ættu að eiga frumkvæði, því okkur hefur fyrstum þjóða, verið boðaður sá skilningur á sambandsmöguleikum við æðra líf í alheimi, sem einn mun duga til björgunar úr því hættuástandi, sem nú er ríkjandi um alla okkar jörð.

Ingvar Agnarsson.

LJÓSIÐ UNÐARLEGA Í ÓRÍONSMERKINU


Út varð mér gengið seint um kvöld þann 1. nóv. 1981. Klukkan var 23,05. Ég lagði leið mína austur Álfrólsvog í Kópavogi. Stjörnubjart var, en þó voru skýjaslæður hér og hvar um himininn og skyggðu á sumar stjörnur, einkum þær daufari. Er ég nú kom inn fyrir Neðstuttröð, tók ég eftir sérkennilega björtu ljósi framundan. Það var lágt á lofti og götuljós og hús trufluðu nokkuð útsýni í þá áttina. Þetta ljós blikaði einkennilega mikið, það eins og blossaði upp með rauðum og bláhvítum blossom, en næstum hvarf á milli. Þetta gekk þó svo ört fyrir sig að varla festi auga á.

Nokkru ofar á himninum mátti sjá Betelgeuse og Bellatrix í Óríonsmerkinu, og var ljósið neðan við þær og mitt á milli og myndaðist þannig réttur þríhyrningur, en mjög bar þetta ljós af þeim að birtumagni þegar það blossaði.

Ég hugði fyrst að þarna væri flugvél á ferð. Til að sannreyna það, stansaði ég og lét ljósið bera rétt við húsgafl einn alllangt frá, til þess að geta betur séð, hvort það færðist úr stað. Stóð ég þarna góða stund, en ljósið hreyfðist alls ekkert. Þetta gat því ekki verið flugvél. Mér datt í hug, hvort þarna gæti verið um nýstirni að ræða, því engin venjuleg stjarna er á þessum bletti himins.

Ég hélt nú áfram eftir götunni, þar til ég kom að Hátröð. Gekk ég suður þá götu og þangað sem hún liggur hæst. Sá ég nú betur til stjarna í nágrenni við þetta blossandi ljós. Nú sá ég vel Fjósakonurnar. Þær voru neðanvert og að sunnan við þetta nýja ljós. Miklu voru þær daufari. Þessi nýja stjarna blossaði eins og áður og var miklu bjartari en Fjósakonurnar. Ég stóð nú þarna allengi, en ekki færðist nýja stjarnan úr stað. Gat þarna verið um nýstirni að ræða, blossastjörnu, supernóvu? Undrandi horfði ég á þessa himinsýn. Ég leit á klukkuna. Hún var nú 17 mínútur yfir 23. Ég hef því verið búinn að hafa þetta ljós fyrir augum í um 10—15 mínútur og á þeim tíma hreyfðist það ekki ögn úr stað, miðað við Betelgeuse, Bellatrix og Fjósakonurnar.

En nú varð ég fyrir ónotalegum áhrifum, sem breiddust um líkamann, sem einskonar straumar, og fannst mér þetta standa í sambandi við þessa sýn. Þessu fylgdi einnig nokkur beygur eða ótti. Vegna þessara ónotalegu tilfinninga, þorði ég ekki að horfa lengur á þetta fyrirbæri, þrátt fyrir mikla forvitni mína, heldur sneri við og gekk vestur Digranesveginn heim á leið, án þess að líta við.



Mynd af stjörnumerkinu Óríon. Krossinn á myndinni sýnir staðinn, þar sem hin nýja „stjarna“ blikaði svo einkennilega.

Ónotatilfinningin smáhvarf. Ég gekk út að kirkju, því hún stendur hátt, og þaðan sést vel til allra átta.

En er ég nú leit í austurátt, var ljósið horfið. Vel sáu stjörnurnar fyrrnefndu: Betelgeuse, Bellatrix og Fjósakonurnar, en stjarnan nýja var horfin úr myndinni.

Ekki er að vita, hvaða ljósfyrirbæri hefur verið hér á ferð. Örugglega hefur það ekki verið flugvél, hún hefði aldrei verið svo lengi kyrr, og auk þess hef ég ekki séð slík ljós frá flugvél. Ekki var hér um nýstirni að ræða, því það hafði ekki horfið svo fljótt. Hugsanlega hefur hér verið birta frá fljúgandi diskum eða einhverju álíka furðufyrirbæri, og væri fróðlegt að fréttu, hvort einhverjir aðrir hafa orðið varir við þetta undarlega ljós.

Ingvar Agnarsson,

(Skrifað 2. nóv. 1981, að morgni).

UM SÁLFARAKENNINGUNA

Í grein Páls H. Árnasonar, sem birtist í „Lífgeislum“, telur hann sálfarir mikilvægustu fyrirbæri í dulrænunni og finnst honum það vafasöm þjónusta að halda öðru fram. Ég er ekkert hissa á þessari skoðun hans — ég var með svipaðar skoðanir sjálfur. Þess vegna er ég ekki í vafa um að hann byggir þessa trú sína á sannleiksást. En hún ein nægir ekki til að komast á vísindaleið því að andatrúarmenn og sálfaradýrkendur vantar þá þekkingu sem þarf til að komast á vísindaleið. Það er að þekkja lögmálið, sem þarna er að verki, íleiðslulögmálið, sem hefur áhrif á allt mannkyn í víðri veröld.

Það er mér ljúft að fá tækifæri til að skýra enn betur það sem ég hef áður skrifað. Framlifendum hefur á sumum miðilsfundum tekist að koma fram í líkamsgervi. Þegar þessi gervi myndast, þá sést fyrst þokukennt efni, sem framlifandinn sendir frá sér ásamt miðlinum og sitjurunum, með lífgeislum sínum. Smám saman þéttist þetta efni og tekur á sig líkamlega ásýnd. Stundum tekst svo vel til að efnið þéttist svo mikið að það myndast velskapaður maður af holdi og blóði.

Slík fyrirbæri tel ég vera aðalástæðuna fyrir andatrúarkenningunni. Það hefur fullvissað menn um að þetta væru andaverur frá andaveröld, sem væru að fara yfir í efnislegt ástand — andstætt andaveröld. Þeir gera sér ekki ljóst að þarna er um hamfarir að ræða — þ. e. afefnun á einum hnetti — sem verður efnun á öðrum hnetti.

Til þess að gera sér grein fyrir þessu verða menn að gera sér ljóst að við höfum samlíkingu við þetta fyrirbæri þegar fyrir hendi, hér á jörðinni. Menn hafa sést á tveimur stöðum í einu, eins og Páll nefnir í grein sinni. Maðurinn er að byrja að efnast á öðrum stað en þeim, sem hann er staddur á, sterk hugarorka hans beinist að þeim stað og þar birtist líkamsgervi hans. Fyrst er myndunin þokukennd, en hún verður smám saman efniskenndari eftir því sem lífgeislun mannsins streymir örar þangað frá manninum sjálfum, en takið eftir því að þetta er aðeins gervi hans sem sendir síðan boð til hans aftur. Ef hugarorka mannsins verður nægilega sterk, getur hún orðið til þess að maðurinn afefnast fullkomlega og birtist sjálfur á þeim stað sem hugur hans leitaði til.

Er þá ekki augljóst og eðlilegt að draga þá ályktun að slíkt eigi sér einnig stað á milli hnatta? Því að vera að búa til einhvern andaheim, sem enginn grundvöllur er fyrir?

Miðilsfundir hafa lengi verið stundaðir og frægir miðilsfundir, sem þekktir vísindamenn stóðu að hafa verið stundaðir frá síðustu öld eða lengur. Alls kyns miðilsstarfsemi hefur auk þess tíðkast frá örófi alda meðal siðmenntaðra þjóða og frumstæðra þjóðflokka, eins og margir kannast við sem lesið hafa menningar- og trúarbragðasögu þjóða heims. Sem frægt dæmi má taka véfréttina í Delfi hjá Forn-Grikkjum, en þær spásagnir voru þeirra tíma miðilsstarfsemi og þá í höndum hofpresta.

Fundarmenn á miðilsfundum hafa yfirleitt flestir álitid það heilagan sannleika, sem miðillinn hefur fram að færa á fundunum. Þeir hafa ekki gert sér grein fyrir að sitjararnir geta haft ótrúlega mikil áhrif á það sem miðillinn segir og oft er mistúlkað það sem hann segi þó rétt sé sagt. Líklegt er að orðið astrallíkami hafi fyrst komið fram gegnum miðil og þá verið túlkað sem eitthvað andlegt efni (material). En astral-líkami þýðir raunar stjörnulíkami (latneska heitið astrum: stjarna). Miðillinn hefur komið þessu orði rétt í gegn og átti eðlilega við stjörnulíkama á hnetti, sem snýst um sólu í einhverju öðru stjörnuhverfi en við jarðarþúar tilheyrum. En fundarmenn hafa trúað svo sterkt á andaheimkenninguna að þeir hafa ekki trúað á hina bókstaflegu merkingu orðanna heldur túlkað það sem eitthvað andakennt en ekki efnislegt svið.

Áður en lengra er haldið, langar mig að segja frá minni fyrstu sálrænu reynslu. Ég var þá 22ja ára og bjó að Dalsmynni á Kjalarnesi. Ég lá í rúmi mínu í hugleiðslu í litlu herbergi uppi í risi. Ég var einn þar inni og mér fannst eins og mér væri þrýst niður í rúmið. Allur líkami minn dofnaði og verkur, sem ég hafði í öxlinni vegna viðbeinsbrots, hvarf algerlega. Skyndilega fannst mér eins og eitthvað opnaðist í brjósti mínu og þrýstingurinn hvarf þegar ég andaði aftur að mér eins og eðlilegt er þegar brjóstkassinn þenst út. En það einkennilega gerðist að nú fannst mér ég á einhvern hátt geta andað eins og óendanlega að mér og í sama bili þótti mér sem ég væri staddur ofan við líkamann þar sem ég lá í rúminu. Ég var glaðvakandi og sá allt í herberginu greinilega eins og það var og heyrði í kettinum, sem var að leika sér frammi áður en ég byrjaði í hugleiðslunni. Allt í einu og óvænt stökk kötturinn á eitthvað og olli hávaða, þá hrökk ég við og fékk eins og högg fyrir brjóstið. Þá hvarf þessi tilfinning og ég var aftur með sjálfum mér; en jafnframt var verkurinn kominn aftur í öxlina.

Fyrir og eftir að þetta gerðist hugleiddi ég mikið andatrúna og þótti hún líkleg en þó var margt í henni, sem ég gat ekki sætt mig

við að væru réttar skilgreiningar á þeim fyrirbærum, sem reynt var að skýra. Ég minntist þó stundum lítilsháttar á þær kenningar við kunningja og vini. Þar sem vanþekking mín á þessum málum var mikil á þessu stigi, dró ég þá ályktun eftir þessa fyrstu sálrænu reynslu mína að ég hefði farið úr líkama mínum, verið ofan við líkama minn. Framvindan verður á þessa leið á meðan íleiðslulögmálið er óþekkt.

Lögmál þetta felur í sér að hugsun, tilfinning og sjónskynjun eins mann (einstaklings) leitast við að birtast hjá (í) öðrum einstaklingi, með öðrum orðum að skapa eigin skynjanir í öðrum heila þannig að meðvitund eins kemur fram í meðvitund annars og samlagast henni að hluta.

Þessu til skýringar má benda á frásögn á bls. 140 í bók dr. Helga Pjeturss „Nýall“: Sú var ein tilraun Barretts (þekktur enskur eðlisfræðingur) að hann dáleiddi stúlkubarn. Hún fann ekki til svo að séð yrði, þó að stungið væri í hana nál eða hleypt í hana rafstraum nokkuð sterkum. Eigin skynjun hinnar dáleiddu virtist lítil sem engin. En þegar Barrett lét upp í sig salt, sagði hún: „Því eruð þér að láta salt upp í mig?“ og á sömu leið fór þegar Barrett lét upp í sig pipar, sinnep o. s. frv. En dáleidda stúlkan virtist ekki verða vör við þó þessi bragðmiklu efni væru látin á hennar eigin tungu. Önnur tilraun Barretts var sú að bregða hendinni í loga og brenna sig lítið eitt. Dáleidda stúlkan sneri baki við honum og var til enn frekari varúðar bundið fyrir augun á henni. Þegar Barrett kenndi sársaukans, hrópaði telpan að hún hefði brennt sig á hendi og mátti sjá að hún fann til. Þannig skýrist þetta, að heili dávaldsins fær boð um sársaukakennd, sem síðan berast með lífgeislanum sem íleiðsla til heila þess, sem dáleiddur er og gefur honum þannig ranga tilkynningu um sársaukakennd í hans eigin hendi. Sársaukakenndin er þó alveg jafn raunveruleg fyrir því í skynjun hins dáleidda, eins og verið hefði ef hann hefði sjálfur brennt sig.

Dáleiðsla miðils og svefnástand og einnig öll önnur skyggni-gáfa er án undantekninga lífsambönd sem verða vegna íleiðslulögmálsins — þ. e. samstilling og mögnun frá samstilltari verum. Það er því slíkt samband, sem komist hefur á þegar maðurinn er kominn í það ástand að honum finnst sem hann sé kominn út úr líkama sínum. Ég leyfi mér að vísa í grein í tímaritinu Gangleri árg. 1980, eftir dr. Raynor D. Johnson og nefnist hún „Að fara úr líkamanum“. Þar segir frá manni, sem var foringi í einni af véladeildum breska hersins: „3. ágúst árið 1944 varð bíllinn, sem ég var í, fyrir skoti

frá Þjóðverjum og sprakk hann í loft upp. Sprengingin var svo öflug að hún þeytti mér yfir tveggja metra hátt limgerði og kastaði mér sjö metra frá bílnum. Fötin loguðu og fosfór loddi við hörundið og hélt áfram að brenna það. Ég var mjög hræddur og hélt jafnvel að ég væri kominn til heljar. En þá varð ég fyrir reynslu sem ég tel mjög óvenjulega. Ég fann að ég var tvær persónur — önnur lá á jörðinni þar sem ég hafði lent eftir sprenginguna, föt hennar loguðu og hún iðaði öll, æpti og stundi af sársauka. Ég fann að ég gaf þessi hljóð frá mér jafnframt því sem mér fannst að þau kæmu frá einhverri annarri persónu. Hinn hlutinn af „mér“ sveif í loftinu í um það bil þriggja metra hæð frá jörðu og þaðan sá ég ekki aðeins þann hluta af „mér“, sem lá á jörðinni, heldur einnig limgerðið, veginn og bílinn, sem logaði glatt. Ég man að ég sagði mjög greinilega við sjálfan mig: „Snúðu þér við og slökktu eldinn“ — og það gerði líkami minn, sem lá á jörðinni.

Hann valt undir limgerðið, en þar var svolítill pollur. Eldurinn slokknadi og á þeirri stundu var ég aftur ein persóna“. Þarna kemur greinilega fram að foringinn var í sambandi við aðra persónu, sem sá atburðinn frá öðrum sjónarhóli heldur en hann. Óljóst gerði foringinn sér grein fyrir að það var önnur vitund, sem sá atburðinn, en hann ályktaði rangt. Hann segir: „Mér fannst hljóðin koma frá annarri persónu, en hinn hlutinn svífa í loftinu. Þessi skynjun var rétt, en ályktunin röng að það væri hann sjálfur, sem sá. Hann fékk svo sterkt samband við sambandsmann sinn að næstum öll sjálfsvitund hans var horfin meðan hann var í vitundarsambandi við annan mann og fannst honum hann þá vera að horfa á sjálfan sig.

Þegar slík fyrirbæri eða svipuð þessu eiga sér stað hér á jörðu, en þegar jafnframt er ekki hægt að heimfæra þau á jarðneskan sýngjafa, er skýringin sú sama en gerist með öðrum hætti. Sem dæmi um slíkt fyrirbæri vil ég segja frá flugvélaslysi, sem gerðist eitt sinn hér á landi. Flugvél var týnd og enginn vissi um afdrif þeirra tveggja manna, sem með vélinni voru. Þá kom fram skyggn kona, sem sagðist hafa séð flugvél nauðlenda uppi á öræfum og í henni tvo menn, sem síðan reyndist rétt. Þarna á staðnum er útilokað að nokkur hafi verið nema þessir tveir menn. Hvernig gat konan séð þetta? Það eru tveir möguleikar. Annar er sá að á öðrum hnetti hafi orðið sams konar slys og hún séð það með augum sýngjafans. Eða hinn möguleikann, sem ég tel vera líklegri, það er óbeint sýngjafasamband.

Þorbjörn Ásgeirsson.

FRÁ MIKLU HÆRRA FULLKOMNUNARSTIGI

Í grein eftir Þorbjörn Ásgeirsson, um skýringu á „sálfara“-reynslu þeirri sem margir hafa haft af að segja, finnst mér vera mjög vel haldið á málum út frá skilningi Nýals. Þorbjörn dregur fram dæmi, sem bera þess vott, að þetta sem menn hafa haldið vera sál sína, lausa úr líkamanum, er í rauninni „ósýnilegur hjálpanði“, það er íbúi annars hnattar sem kemur við áhrifum sínum í námunda við hinn jarðneska, ekki hvað sízt á hættu- eða neyðarstundu. Það er sjálfsvitund hjálpanðans sem menn taka fyrir sína eigin sál — eins og eðlilegt er, þangað til menn hafa gert sér grein fyrir eðli drauma. Í niðurlagi greinar Þorbjörns er hinsvegar atriði, sem mér finnst ég þurfa að fara nokkrum orðum um.

Allt frá því að ég las á unga aldri grein Þorsteins Jónssonar: *Sambandsskyn en ekki sálfarir* (1950, endurprentuð í *Draumar og svefn*) hefur mér verið ljóst hver er aðalskýring þessa máls. Segir Þorsteinn þar frá hermanni nokkrum, sem var að niðurlotum kominn af þreytu, en síðan skipti skyndilega um fyrir honum, og þótti honum nú sem hann sæi líkama sinn skammt frá sér, og þó þannig, að sér kæmi hið bága ástand hans ekki mikið við. Getur Þorsteinn þess til, að skynjun þessi hafi borizt hermanningnum frá félagi hans, og er það samkvæmt því sem beinast liggur fyrir að álykta.

En svo bætir Þorsteinn því við, sem mér hefur jafnan fundizt vera kjarni málsins:

„En í rauninni er mikil ástæða til að hugsa sér, að þar sem lengra er komið fram og samstillingin miklu fullkomnari en hér á jörðu, geti verið möguleikar fyrir hvern einn til að sjá og skynja í fjarlægð án þess að í þeirri fjarlægð þurfi á nokkrum sérstökum sýngjafa að halda“.

Samanber það sem Helgi Pjeturss segir í greininni: *Draumlífið og samband lífsins í alheimi*:

„Brá nú svo við, er ég virti fyrir mér fjallið með urðum og hamrabeltum, að ég sá það allt í einu mjög skýrt, og svo sem ég stæði rétt hjá því. Hygg ég að þar hafi komið til greina hjálp frá öðrum draumgjafa en þeim, sem ég hafði samband við þangað til, og að vísu á miklu herra tilverustigi, þar sem menn geta, þegar þeir vilja, séð betur en hér á jörðu er hægt með nokkurri fjarsjá eða smásjá.“ Sannýall s. 216.

Fleiri dæmi mætti nefna til marks um það að þessi var skilningur Helga Pjeturss á *fjarsýn til ákveðins staðar án þarstadds sýngjafa*. Um draumgjafa eða sýngjafa er jafnan að ræða, einnig í slíkum dæmum, og hið fyrsta skref til skilnings er að gera sér grein fyrir að slík skynjun stafar frá miklu hærra tilverustigi en menn eru á hér á jörð. En hvernig þeir fara að því að skynja slíkt, er önnur saga, sem lítt hefur verið rakin, og er þó aðeins á það mál minnst í *Samtölum* bls. 37.

Af dæmum þeim sem Þorbjörn nefnir í nefndri grein sinni virðist ljóst, að stjórnubúinn hafi líkamast í návist skjólstaðings síns. Er ekkert því til fyrirstöðu að slíkt sé miklu algengara en menn viðurkenna eða gera sér grein fyrir.

Þorsteinn Guðjónsson.

Myndun sólhverfis (Sjá forsíðumynd)

(Frb. af bls. 110).

Sama máli gegnir um efnisbólstra þá, sem mynda hinar einstöku reikistjörnur. Þeir dragast saman og taka að snúast. Langmestur meirihluti efnisins lendir inn að miðju, þar verður efniskjarni, sem úr myndast reikistjarna, eftir því sem efnið þéttist. Því víðáttumeiri og efnismeiri sem bólstrinn er, því stærri og þyngri verður reikistjarnan, og að jafnaði verður á henni því meiri snúningur. Meðan hin öra efnisþétting fer fram, eykst snúningshraði stjörnunnar, uns þar kemur að allt efni er þorrið eða samanþjappað og samdrætti efnis lokið að mestu, þá hættir einnig aukning snúningsins og helst þannig, ef ekkert verður til að draga úr honum aftur, eins og t. d. flóðbylgjuáhrif frá sólu eða frá þungum fylgihnöttum, þ. e. tunglum.

Hluti af efnisbólstrum þeim, sem reikistjörnur myndast úr verður stundum að tunglum, og er þar um samskonar þróun að ræða, eins og um samdrátt efnis í sól og reikistjörnur. Hluti bólstranna dregst saman og mynda tungl, sem ganga í mismunandi fjarlægð frá reikistjörnunni, allt eftir því í hvaða fjarlægð jafnvægi hefur komist á milli falls efnishnoðranna (sem tunglin mynduðust úr) og miðflóttaaflsins (hraða hvers hnoðra eða tungls).

Tunglin snúast einnig um möndul sinn, og þeim snúningi veldur einnig samdráttur efnisins, meðan á honum stendur, en stöðvast síðan, eða hægir á sér og gætu utanaðkomandi öfl átt þar hlut að máli.

Ingvar Agnarsson.

SÉRKENNILEGT STJÖRNUHRAP

Kvöld nokkurt (25. ágúst 1982) gekk ég úti undir stjörnubjörtum himni. Logn var og nokkuð hlýtt. Engin ský eða norðurljós trufluðu ásýnd stjarnanna.

Ég leit yfir himininn og sá stjörnumerkin í öllum sínum ljóma og björtustu stjörnurnar voru dásamlegastar á að sjá.

Ég hef sjaldan staðið lengi og horft á stjörnur, án þess að hafa séð a. m. k. eitt stjörnuhrap og þá mismunandi björt. En öllum hefur þeim verið það sameiginlegt að mynda eina beina ljósrák og hverfa eins skjótt og þær birtast.

Í þetta sinn fór líka svo að ég sæi stjörnuhrap, en það hagaði sér á nokkuð annan hátt en ég hef áður séð (utan einu sinni, þegar ég var um 8 ára gamall, en þá var það stórfenglegur vígahnöttur, sem ég hef lýst á öðrum stað).

Fyrst kom ljósrák, hátt á himni í vesturátt, en er hún hafði farið nokkurn spöl í austurátt, þá sundraðist hún. Fyrst varð eins og blossi og síðan héldu glóandi sindrinn áfram í sömu átt, en hurfu svo alveg skyndilega.

Þarna hefur verið á ferðinni loftsteinn, heldur lítill. Þegar hann hefur mætt núningnum í gufuhvolfinu, hefur ytra borð hans glóhitnað og logandi súrefni loftsins leikið um hann. Hann hefur því sprungið skyndilega, áður en hann hefur náð að komast langt niður í lofthjúp jarðarinnar. Og ég var svo heppinn að vera áhorfandi að þessum viðburði.

Minumst þess, að stjörnuhröp eru eitt þeirra atburða himinsins, sem hvað stórkostlegast er á að horfa, einkum ef um stórbrotin stjörnuhröp er að ræða, eins og stundum gefst á að líta, þótt sjaldan sé.

Ingvar Agnarsson.

Ljóð

Í ÁRNASAFNI

Innan við múrvegginn átti ég löngum mitt sæti,
utan við kvikaði borgin með gný sinn og læti.
H:lfvegis, vakandi, hálfvegis eins og í draumi
heyrði ég þungann í aldanna sígandi straumi.

Undrandi renndi ég augum með bókanna röðum:
eljuverk þúsunda, varðveitt á skrifuðum blöðum.
Hvar sem ég fletti, við eyru mér ólguðu o gsungu
uppsprettulindir og niðandi vörn minnar tungu.

Las ég þar kvæði með kenningum römmum og fornum,
kerlögur Bölverks var reiddur í sterklegum hornum,
ginnandi kynngi í goðjaðars veiginni dökkri,
galdur og kveðandi djúpt inni í heiðninnar rökkri.

Las ég þar sálma og lofsöngva þjóðar í nauðum,
lífsvonin eina var samtvinnuð krossinum rauðum,
yfirtak langt bak við ömurleik hungurs og sorgar
ömuðu sætlega strengleikar himneskrar borgar.

Oftsinnis, meðan ég þreytti hin fornlegu fræði,
fannst mér sem skrifarinn sjálfur hið næsta mér stæði.
Hugurinn sá yfir hlykkjóttum stafanna baugum
hendur, sem forðum var stjórnað af lifandi taugum.

Ólík er túninu gatan og glerrúðan skjánum,
glymjandi strætisins frábrugðin suðinu í ánum,
lífskjörin önnur, en fýsnin til fróðleiks og skrifta
fannst okkur báðum úr dustinu huganum lyfta.

Vatnsfallið streymir af ókunnum öræfaleiðum,
andblærinn líður um túnið af fjarlægum heiðum,
kveiking frá hugskotj handan við myrkvaða voga
hittir í sál minni tundur og glæðist í loga.

Stundum var líkast sem brimgnýr, er þaut mér í blóði,
bergmál af horfinna kynslóða sögum og ljóði.
Hróðugur kvað ég þá stef mín í stuðlanna skorðum,
stofninn er gamall, þótt laufið sé annað en forðum.

Hvíslar mér jafnan á orðlausu máli hér inni
eyðingin hljóða. En þótt hún sé lágmaelt að sinni,
vinnur hún daglangt og árlangt um eilífar tíðir
örugg og máttug, og hennar skal ríkið um síðir.

Senn er þess von, að úr sessinum mínum ég víki,
senn skal mér stefnt inn í skugganna fjölmenna ríki.
Syrji þá einhver, hvar athafna minna sér staði,
er það í fáeinum línum á gulnuðu blaði.

Bókfellið velkist, og stafirnir fynast og fúna,
hellur í gleymsku það orð, sem er lifandi núna,
legsteinninn springur, og letur hans máist í vindum,
losnar og raknar sá hnútur, sem traustast vér bindum.

*Jón Helgason,
f. 1899.*

SVEFNROF

*Úr draumi í angist mig andvakan rak.
Mig angrar í dimmunni lævirkjans kvak.*

*Mér langt finnst til morguns og langt frá í gær.
Nú lýsir á koddann minn blástjarnan skær.*

*Og látlaust enn heyri ég lævirkjans kvak.
Mig langar í svefn, en sú rödd segir „vak“.*
Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum þýddi.

Draumar

Draumur fyrir hörðum vetri

Rétt áður en fór að kólna í október, þá dreymdi mig nótt eina að ég þykist úti stödd, og til mín kemur ókunnur maður. Sá þótti mér vera alsnjúgur og fremur illúðlegur, og var hann með alskegg, og voru klakastönglar í því. Ég þóttist spyrja hann að heiti, og svarar hann þá: „Óblíður heiti ég“. Þá þykist ég vita að þetta væri veturinn og í því vaknaði ég. Draum þennan sagði ég strax morguninn eftir, einni starfsstúlkunni, sem er trúuð á drauma og hefur hún oft minnst á það síðan, að draumurinn ætli að rætast.

Sigurlaug Guðmundsdóttir,
(9. jan. 1981).

Ljóshnöttur, sem breyttist í mann. — Draumur

Ég þóttist vera hér inni í herberginu mínu og vera búin að dvelja þar nokkuð lengi. Fer ég þá að hugsa um það að rétt muni vera að fara stundarkorn fram í stofu og vera þar hjá hinu fólkinu. Þetta gjöri ég, en þegar ég kem í stofuna, er þar engin manneskja. Ætla ég þá að fara aftur inn í mitt herbergi, en um leið verður mér litið til stofudyranna og sé þá kynlega sýn. Inn úr dyrunum kemur eldhnöttur og svífur inn gólfíð meðfram stólaröðinni, og staðnæmist við stól, sem kona að nafni Lucia Guðmundsdóttir er vön að sitja á. Réttara væri reyndar að segja að þetta hafi verið ljóshnöttur, því mér fannst hann vera ljósrauðgulur, þó bar meira á hvíta litnum. Ég horfði undrandi á þetta fyrirbæri litla stund, en þá fer þessi hnöttur smám saman að leysast í sundur og tekur svo á sig mannsmynd, daufa fyrst en skýrist fljótlega uns á gólfinu stendur ókunnugur karlmaður, en hnötturinn var horfinn. Maðurinn heilsar mér, og ég þykist spyrja hann að heiti. Hann svarar: „Sigurjón heiti ég“. „Hvaðan ertu?“, þykist ég spyrja. „Ég átti lengi heima í Kirkjubæ í Hróarstungu“, segir hann.

„Já, ég kannast þá við þig“, segi ég, „þótt ég sæi þig aldrei, en Gunnar bróður þinn sá ég oft, en Friðrik bróðir minn sá þig einu sinni. Við erum víst skyld“.

„Já“, segir hann, „en ég er núna á hraðri ferð, má ekkert stansa. Kom aðeins snöggvast með syni mínum, sem var hér á ferð. Ertu ekki ósköp einmana hér?“

„Jú“, segi ég, það er nú eins og von er, þar sem ég á engin skyldmenni hér nálægt. Enda koma mjög fáir til mín, þó ég þekkti nokkuð marga áður en ég kom hingað á heimilið, þá lítur út fyrir að allir séu búnir að gleyma mér nú“.

„Mér datt það í hug“, segir hann. En ég skal samt reyna að ýta við konu, sem kemur helst til þín, en hefur ekki komið til þín lengi. Við fáum stundum að koma til ykkar, sem ennþá búa hér í þessum heimi“.

Svo fjaraði draumurinn út og ég vaknaði.

Daginn eftir kom ég fram í stofu (var búin að vera lengi inn í herberginu mínu), hittist þá svo á, að áðurnefnd Lucia (kölluð Lúlla) var þar ein. Þá segir hún mér að séra Fjalar Sigurjónsson á Kálfafellsstað í Suðursveit, hafi komið allra snöggvast til sín, fyrir stuttu síðan, en hefði ekki stansað nema stutta stund, enda allt fólkið inni á sínum herbergjum nema hún. Síðar þennan sama dag kom til mín vinkona mín ein, sem alltaf kemur öðru hverju til mín, ein af fáum, en þá var liðið mjög langt um, frá því hún kom síðast. Segi ég við hana, er við höfðum heilsast. „Ósköp varstu góð að koma til mín, Svava mín, það koma engir til mín“.

Segir hún þá: „Já, ég ætlaði nú eiginlega að vera búin að koma til þín fyrir löngu, þó það hafi dregist svona, en svo í dag þá fannst mér allt í einu, að ég mega til að finna þig, svo ég dreif mig af stað“.


Er þetta ekki dálítið merkilegt? Mér finnst það.

*Sigurlaug Guðmundsdóttir,
Hjúkrunarheimilinu, Höfn, Hornafirði,
(9. janúar 1981).*

Reykjarbólstrar. — Draumur

I.

Mig dreymdi að ég væri sendur upp í hæðir nokkrar, til að leiðbeina útlendingum, sem þar væru staddir.



Hið draumséða landslag með reykjunum dreifðu.

Segir nú ekki af ferðum mínum, fyrr en ég finn þessa menn. Þeir voru tveir og þótti mér þeir vera franskir.

Þarna voru hæðir og hólar, og allt vafið mjúku grasi. Leit ég yfir landið framundan, og sá yfir hæðadrög í nokkrum fjarska. Var að sjá, sem allt landið væri þar vaxið þéttum skógi. Fannst mér fagurt á að líta. Allt var fagurgrænt og skiptist á ljósgrænt, dökkgrænt og gulgrænt, og voru litirnir einkennilega ljómandi, miklu fremur, en ég hef í vöku séð. Var ég heillaður af að horfa á þessa fögru liti í landslaginu.

Annað var, sem dró að sér athygli mína: Margir reykjarstrókar liðu allhátt í loft upp, úr þessu skógi vaxna svæði. Auðséð var, að þarna var algjört logn, því þeir liðu beint upp í loftið. Allir voru þeir ljósbláir, dekkri neðst en daufari efst og dreifðust þar nokkuð. Talsvert bil var á milli þessara bólstra og voru þeir ýmist fjær eða nær. Fjarlægð hefur varla verið minni en svo sem 5—7 km.

Ég hugsaði með mé að þarna hlyti fólk að eiga heima, og kæmu reykirnir upp við bústaði þess. Ekki leit ég yfir stærra svæði, en svo sem 90° horn. Eftir að hafa horft á þetta landslag allengi, vaknaði ég.

II.

Draumsýn þessi var mjög skýr. Um það vitnar m. a. hve vel ég skynjaði öll litbrigði í landslaginu. Í flestum draumum er litarskynjun óljós, og mun það stafa af ófullkomnu sambandi við hinn fjarlæga draumgjafa.

Ingvar Agnarsson
(*Dreymt 20. mars 1982*).

Dreymt fyrir Kötlugosi, Spönsku veikinni og fullveldi Íslands

Snemma í september 1918, dreymdi móður mína þennan draum: Það var morgun einn, er við voru nýkomin á fætur, að hún segir við okkur systkinin: „Nú dreymdi mig kynlegan draum í nótt, og þykir mér ekki ólíklegt, að hann boði nokkur tíðindi“. Við báðum hana að segja okkur drauminn.

„Það dreymdi mig“, segir hún, „að ég var úti stödd, í góðu veðri, snemma dags. Þótti mér loft vera alheiðskírt. Skyndilega sé ég að roði mikill breiðist yfir suðvestur loft. Var roðinn dökkrauður, sem af eldi væri. Breiddist roðinn óðfluga yfir allt suðvestur loftið, en dökknadi alltaf annað slagið, og eins og mikill rykmökkur færðist yfir. Þá þótti mér ókunnug kona standa við hlið mér, og vera að horfa á þetta líka. Ég spyr hverju þetta sæti. „Það er stórkostlegt eldgos, segir hún“.

Þá breytir um svið í draumnum, og finnst mér ég vera stödd á ókunnum stað. Fannst mér ég þá sjá yfir stóran kaupstað, sem ég hafði aldrei séð fyrr. Mjög fátt fólk sá ég á ferli, en á einum stað sá ég mikinn fjölda af svörtum líkkistum. Var ég mjög undrandi yfir því, að í þó ekki stærri bæ, skyldu svo afar margir hafa dáíð samtímis. Sný ég mér þá aftur að konunni og spyr: „Hvernig stendur á svona óskapa fjölda af líkkistum?“ „Það geisar nú skæð landfarsótt“, svarar hún.

En þá breytist draumsviðið og sé ég nú hvar fáeinir menn eru að reisa upp háar stengur og vissi ég, að það voru flaggstengur og að það hefðu einhver gleðileg tíðindi gerst. Varð ég því harla fegin, þótt ég vissi ekki, hvaða tíðindi hefðu gerst. En það líkaði

mér þó ekki vel, hvað stengurnar voru grannar og hölluðust dálítið, og var ég hrædd um, að þær gætu brotnað eða fallið um, ef eitthvert stórviðri geisaði. Var þó að vona að svo illa færi ekki og vaknaði ég þá.

*Ritað í ágúst 1981.
Sigurlaug Guðmundsdóttir,
Dvalarheimili aldraðra,
Höfn, Hornafirði.*

Draumur um líf á öðrum hnetti

I. Fororð draums.

Góðu vinir!

Ég sendi ykkur draum sem mömmu mína dreymdi haustið 1918 áður en Kötlugosið hófst, og spánka veikin barst hingað. Ég hef oft verið að hugsa um að segja ykkur frá honum, en þar sem ég var þá barn að aldri, og við skrifuðum hann ekki upp, þá var ég hrædd um að ég myndi hann ekki svo vel að engu skeikaði. Þá þorði ég það ekki, þótt ég myndi hann að vísu í aðalatriðum, en fyrir sérstakar orsakir, sem ég mun nú segja ykkur, held ég að ég geti nú sagt ykkur drauminn orðréttan, eins og mamma sagði okkur krökkunum hann margsinnis, eftir að hana dreymdi drauminn. Og kemur nú skýringin á því.

II. Draumurinn.

Fyrir nokkru síðan dreymdi mig að ég þóttist vera stödd á einhverjum ókunnum stað. Helst fannst mér það vera í afar breiðum dal, þetta var mikil slétta en sá til fjalla í mjög mikilli fjarlægð. Einkum þótti mér vera mjög langt til fjalla til vinstri handar við mig. En til hægri voru fjöll miklu nær. Hús voru þarna á víð og dreif, og þóttist ég vita að þetta væri landbúnaðarhérað og að fólkíð lífði á akuryrkju og kvikfjárrækt. Sá ég mörg dýr þarna og voru mörg mjög ólík þeim dýrum, sem ég hef séð. Sauðfé sá ég margt, en mjög var það ólíkt okkar sauðfé, til dæmis var ullin mjög lík bómull, og efast ég um að slíkt fé sé nokkursstaðar á okkar jörð. Fjöllin voru líka mjög ólík. Til hægri handar, en þau sá ég miklu

betur en hin, voru mikið nær, virtust þau vera rauðbrún á lit, og eftir einhverjum, mér ókunnnum leiðum, vissi ég að þau voru úr miklu linari bergtegundum en við eigum að venjast. Fannst mér helst það væru líkar bergtegundir og móberg, þó með öðrum lit væri. Ég horfði með mikilli undrun á allt þetta, en allt í einu stóð ókunnug kona við hlið mér og segir: „Ég átti að sýna þér þetta land, og segja þér að þetta væri á hnetti langt úti í geimi. Ég hef oft komið til ykkar á jörðinni, og það var ég sem lét mömmu þína dreyma drauminn forðum fyrir Kötlugosið síðasta og spönsku veikina. Og nú vil ég að þú sendir ritstjóra Lífgeisla þann draum“.

„Það get ég ekki“, þykist ég segja, „því ég man hann ekki svo nákvæmlega, en vil ógjarnan segja rangt frá“.

„Ég læt þig muna hann orðrétt þegar þú vaknar, því þig er nú að dreyma, en þetta er allt rétt, sem þú nú sérð, og máttu vel segja frá þessu líka“.

Ég fór þá að virða konuna betur fyrir mér, og var hún mjög frábrugðin okkur. Bæði mjög mikið stórvaxnari en til mun vera hér, og hörundsliturinn rauðbrúnn, þó ekki eirrauður eins og Indíánar kváðu vera, heldur dökk-gulbrúnn, en reyndar skortir mig orð til að lýsa honum, en hann var alls ekki ljótur, og konan var heldur ekki ófríð. En er ég hafði horft á hana dálitla stund, fannst mér hún eins og óskýrast, og þá vaknaði ég.

III. Eftirmáli.

Fór ég þá að hugsa um það, sem mömmu dreymdi forðum, og þá brá svo við, að ég sá mömmu alveg ljóslifandi fyrir mér, þegar hún sagði okkur systkinunum drauminn, og mundi hvert orð er hún sagði. Síðan hef ég verið að smá grípa í að skrifa þetta allan mánuðinn, því getan til skrifta er lítil, og er nú loks að enda, og er nú kominn 14. ágúst. Þið ráðið svo hvort þið segið Ingvari þetta, en þá verður þú, Halldór, að vélrita þetta fyrir mig, því ég skrifa svo illa, sökum þess hve slæm ég er af liðagigt, að ekki kemur til mála að sýna ókunnugum slíkt. Og svo má sjálfsagt finna margar villur í skriftinni líka, en það vil ég ógjarnan að sjáist. Verið svo bæði blessuð og sæl, með innilegri ósk um allt hið allra besta.

Ykkar vinkona,

Sigurlaug Guðmundsdóttir,

Höfn, Hornafirði.

(Skrifað 14. ágúst 1981).

Sambandsfundir

Fyrir miðilsmunn

Miðill: Sveinn Haraldsson.

126. Sibelíus: Það er finnskur maður. Heil og sæl, íslensku vinir. Það er ánægjulegt að eiga þess kost að heilsa ykkur hér á þennan hátt. Ég hugsa til míns gamla hnattar iðulega og oft er ég að rifja upp minningar þaðan og óska með sjálfum mér þess að geta haft meira samband við mína þjóð og enn aðrar skyldar og óskyldar þjóðir. En það er enn vandkvæðum bundið að koma fram af nokkrum krafti hér. Þó hefi ég fundið hlýjar hugsanir til mín í sambandi við mína tónlist og er þakklátur. Því að tónlistin sameinar hugina, samstilltir, flestu öðru fremur. En það er auðvitað misjafnt, hvernig menn njóta hennar. En ég samdi ýms tónverk í frumlíffi mínu sem kunnugt er. Og held það hafi ekki skaðað mannkynið neitt að hlusta á hana, heldur lyft huga manna og þá var betur að verið en ekki.
3. 8. '81.

127. Bjarni Benediktsson: Heil og sæl. Margir hugsa til ykkar, þar sem ég er og þetta mun vera flest íslenskt fólk. Ýmsar minningar frá jörðinni leita á hugann, er ég tala til ykkar fundar.

Hvernig gekk þér að átta þig eftir flutninginn?

Ekki segi ég, að mér hafi gengið sérstaklega greiðlega að átta mig. Nei, það voru margir góðir vinir, er tóku vel á móti *okkur*. Og þetta gerðist á undra skömmum tíma. Ég kom fram á fjarlægri framlífsjörð þannig, að þegar þangað var komið, varð ég fljótt hinn öflugasti. En misjafnt er það, hvað það tekst vel fyrir mönnum fyrst í stað að átta sig. Hugmyndirnar eru misjafnlega skýrar í hugum manna, hvað eðli framlífsins snertir. Og þyrfti að auka fræðslu um það efni verulega manna á meðal, að menn verði betur undir það búnir að yfirgefa jörðina. Þetta á fyrir öllum að liggja að koma fram á annarri jörð í jarðneskum líkama. Ekki síður jarðnesks eðlis en áður var, þó af efnum annarrar jarðar sé gerður. Og þar verður

haldið áfram líkamlegu, jarðnesku lífi. En möguleikarnir á framförum enn meiri, þegar rétt er stefnt. Mun meiri en enn er á jörð ykkar.

Ég fylgist nú með framvindu mála á jörðinni talsvert frá mínum hnetti; skynja til Íslands og enn annarra staða og margt ber fyrir augu misjafnlega fagurt. Lífaflsvæði hnattarins er af hálfu hinna æðri vera leitast við að efla þannig, að heimsóknir til jarðarinnar geti átt sér stað. En hin mesta nauðsyn er á því, að það verði möguleiki á slíkum heimsóknum í ekki fjarlægri framtíð. Og það geta Íslendingar, ef þeir eru nógu samtaka, gert mikið til að greiða þar fyrir hinum lengra komnu íbúum annarra hnatta.

Það er þetta, sem Íslendingum er ætlað að vinna, að vera hér forgönguþjóð í sambandsmálum á þessum hnetti, forystuþjóð. Hafa þeir alla möguleika til þess með tilstyrk þeirrar þekkingar, sem Helgi Pjeturss flutti í sínum ritum, á lögmálum lífgeislunarinnar milli hnattanna.

Nú hefi ég öðlast miklu gleggri skilning á þessum efnum, en ég hafði áður á jörðinni. Þar að auki stóraukinn áhuga á þeim málum. Svo mun vera um marga framliðna Íslendinga aðra.

Þið hafið hér, þó fámennur hópur sé, áhrif yfir geimdjúpið til annarra hnatta og aftur verðið þið fyrir áhrifum fá öðrum. Þetta er auðvitað mjög veikt og ófullkomið ennþá, en þó örliðtill vísir þess, sem orðið gæti, en við samtök og samhug mannfjöldans miklu fullkomnara.

Ert þú Bjarni Benediktsson?

Já, svo er það, að ég er sá hinn sami, sem það nafn bar og mörgum er kunnugt.

Kveð nú og þakka.

Verið þið sæl.

10. 8. '81.

128. Natan Ketilsson: Ég skynja til ykkar stutta stund og reyni að athuga fólkið í hringnum hvert fyrir sig. Gjörvilegt fólk, uppaxandi sumt. Það er framtíð Íslands, unga fólkið. Það þarf að taka forfeðrunum fram í sjálfstæðri hugsun. Ill öfl verka á jörðina sumstaðar, svo til vandræða horfir. Þetta er staðreynd, sem ekki er hægt að ganga framhjá. Það leita hér á tvennskona áhrif á mannkynið, sem margan hefur grunað, en ekki haft fullan skilning á, hvaðan væru komin, þau áhrif. En það er hið þýðingarmesta mál, er unnt er að hugsa sér að ráða bót á þessu. Hver einn hefur hér

þýðingu, hver einstaklingur. Skynja ég margt í tengslum við fundinn mjög fullkomið. Sambandsgeislar beinast til ykkar frá mjög öflugum verum og það eru margir fornmenn þar, sem ég skynja til. Margt er það í mikilli fjarlægð, í enn öðrum vetrarbrautum sumt, er ég verð var við. Það er þarna blá sól ein og fylgihnöttur hennar. Þar eru menn langt komnir í vísindum, ráða yfir ótrúlegri þekkingu á lögmálum náttúruaflanna. Hafa þeir mikinn hug á Íslandi. Þar, á þeim hnetti, eru þeir að undirbúa merkilega tilraun, að koma áhrifum fram hér á Íslandi þannig, að þeirra verði greinilega vart á ýmsum stöðum á landinu.

Spurning: Er von á því á næstunni?

Það segja þeir teygjanlegt. Það er ekki hægt að setja ákveðin tímamörk. En því fyrr, því betra fyrir þjóðina. Hver árangurinn verður, er komið undir ástæðum þjóðfélagsins.

Ég skynja nú til hnattar, er fjöldi manns er samankominn og má sjá þar, hvar maður nokkur er að tala til fjöldans. Þessi maður hefur áður átt heima á jörðinni.

Spurning: Hvað heitir hann?

Gandí.

Spurning: Hefur hann stóran áheyrendahóp?

Hann hefur þarna áheyrendur, svo tugum þúsunda skiptir. Indverska að ég hygg flesta. Talar til þeirra af mikilli mælsku og visku. Þetta er stór þjóð, Indverjar. Mjög næmir eru þeir á utanaðkomandi áhrif og þyrftu þeir að átta sig betur á eðli meðvitundarinnar. Reyndar má segja það um fleiri þjóðir. Gandí er mikill fræðari og vitur maður og lífleiddtogi var hann og er enn.

Spurning: Þú ættir að skila því til hans að hafa samband við íslenska hugsun?

Hann er nú fróður mjög orðinn um líffræði og veit um hið íslenska fólk og ég hygg, að hann styðji Íslendinga til dáða. Svo virðist mér sem hann hafi mikið og margt í huga, er varðar mannkynið og framtíð þess, eins og fleiri merkir leiðtogar þjóðanna, er fluttir eru nú af jörðinni, en vilja þó verða mannkyninu að liði.

Spurning: Ert þú sá hinn sami sem varst í Húnavatnssýslu?

Svo er það.

Spurning: Og misstir lífið?

Það er allt líðið. Nú er ég í fullu fjöri. Jæja, þakka nú fyrir að gefa mér kost á að koma hér fram. Vil liðsinna Íslendingum eftir fönngum á framfarabraut. Verið sæl.

10. 8. '81.

129. Talfæri fjartalandans tengjast talfærum miðilsins.
(Pórbergur) 10. 8. '81.

130. Snorri Sturluson:
Spurning: Skrifaðir þú Egilssögu?
Já, ég sagði hana fyrir.
Spurning: En Njálssögu?
Nei, ég á ekki heiðurinn af því.

13. 7. '81.

131. Hallbjörn Halldórsson: Nú er ég sannfærður um, að Helgi Pjeturss mun hafa vísindi að mæla í öllum höfuðatriðum Nýalsfræða sinna. Og þykir mér rétt að minnst lítillga á draumfræði hans. Til dæmis sú stórkostlega niðurstaða, er hann komst að um sambandseðli draumanna. Þetta, að samband komist á milli hnattanna í draumi, er undirstöðuuppgötvun og þar er hægt að rannsaka áhrif ýms og fjarskynjanir og komast að öruggri vissu um lífsamband.ð milli hnattanna. Ekki er nú auðvelt fyrir mig að ræða mikið um þetta nú, en mín reynsla hefir æ betur staðrest þessa sambandskenningu fyrir mig og munu ýmsir hafa sömu sögu að segja, er þeir hafa athugað vandlega. Nú er hægt að sjá. Þið hatid nú sjónvarpið til hliðsjonar hvað þetta snertir. Mannshelinn er upptökutæki fyrir sambandsskynjanir, fjarsambandstæki í rauninni miklu merki-
legra þó en nokkurt sjónvarpstæki. En á ykkar jörð er þó enn sem komið er fjarri því, að draumlít.ð hafi náð þeirri fullkomnun sem því er ætlað að ná. Á mínum hnetti er þetta á mun hærra stigi, meira gagn og ánægja, sem við höfum af framlifinu en við áttum að venjast og að það er þýðingarmikið að njóta draumsambandi v.ð fullkomnari hnetti í sem ríkustum mæli.

17. 8. '81.

Gunnar Hjörvar
(ritaði eftir segulbandsupptöku).

Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA

Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT:

ERINDI OG GREINAR:

Myndun sólhverfis (Sjá forsíðumynd). I. A.	Bls. 110
Hvað er það sem kemur fram á Kirlian-myndum? (með 6 myndum). Ævar Jóhannesson	— 111
Ásatrú — sambandsmál. I. A.	— 120
Ljósíð undarlega í Óríonsmerkinu. I. A.	— 123
Um sálfarakenninguna. Þorbjörn Ásgeirsson	— 125
Frá miklu hærra fullkominarstigi. Þ. G.	— 129
Sérkennilegt stjörnuhrap. I. A.	— 131

LJÓÐ:

Í Árnasafni. Jón Helgason	— 132
Svefnrof. Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum þýddi ...	— 133

DRAUMAR:

Draumur fyrir hörðum vetri. Sigurl. Guðmundsdóttir	— 134
Ljóshöttur, sem breyttist í mann. Draumur. S. G.	— 134
Reykjabolstrar. Draumur. Ingvar Agnarsson	— 135
Dreymt fyrir Kötlugosi, Spönsku veikinni og fullveldi Íslands. Sigurlaug Guðmundsdóttir	— 137
Draumur um líf á öðrum hnetti. Sigurl. Guðmundsd.	— 138

SAMBANDSFUNDIR:

Fyrir mðilsmunn. (nr. 126—131). (G. Hjörvar skráði)	— 140
---	-------

MYR:

Spakmæli úr ljóðum Steingríms Thorsteinssonar	— 119
---	-------